



Fundur stjórnar Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn þriðjudaginn 29. nóvember 2016, kl. 16:00.

Mætt eru á fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð. Arnar setti fundinn kl. 16.

Dagskrá:

1. Samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið
1. Stjórn Þekkingarsetursins átti fund með stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins fyrr í dag þar sem rædd var framtíðarsýn fyrir kvennaskólatorfuna og staða Heimilisiðnaðarsafnsins. Á fundinum fór Arnar yfir hvað hefur verið að gerast á kvennaskólatorfunni frá stofnun Þekkingarsetursins 2012 og kynnti hugmyndir stjórnar Þekkingarsetursins varðandi framtíðarsýn um samstarf á Kvennaskólatorfunni varðandi textíl og hvernig Þekkingarsetrið getur komið að því að efla starfsemi Heimilisiðnaðarsafnsins og auka þjónustu þess með opnun allt árið um kring. Kynntur var vilji stjórnar Þekkingarsetursins um að gerður verði samstarfssamningur við Heimilisiðnaðarsafnið um að Þekkingarsetrið standi straum af 50% starfshlutfalli forstöðumanns safnsins þannig að hægt sé að ráða forstöðumann í 100% starf. Stjórnin telur æskilegt að viðkomandi forstöðumaður hafi doktorspróf sem nýtist í starfi og geti stundað rannsóknir á sviði textíls. Á fundinum var rætt um aukið samstarf á milli Þekkingarsetursins og Heimilisiðnaðarsafnsins og að Þekkingarsetrið greiði fyrir aukna þjónustu fyrir m.a. textíllistafólk. Stjórn Þekkingarsetursins samþykkir að greiða 1.300.000 til Heimilisiðnaðarsafnsins. Gera þarf samstarfssamning við Heimilisiðnaðarsafnið um þessa greiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir